

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 30. nóvember 2022
UST202206-077/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 1. júlí 2022 – Laxar fiskeldi, Fiskalóni

Þann 1. júlí sl. fór fram eftirlit í Laxar fiskeldi, Fiskalóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eldri frávikum hefur verið lokað.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila inn fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti 2021 var skilað inn 3. maí s.l. Í ársyfirliti skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga síðastliðins árs. Í ársskýrslu kemur ranglega fram að mælingar eigi ekki við og niðurstöður mælinga sem framkvæmdar voru árið 2021.
2. Gr. 4.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skila skal grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst án undirskriftar stjórnar 3. maí 2022.
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Við athugun á niðurstöðum mælinga frá því 22.09 s.l. kemur í ljós að enn virðast mæligildi vera hærrí eftir hreinsun en fyrir. Í grein 3.5 í starfsleyfi kemur m.a. fram að rekstraraðili skuli tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. desember 2022.

Virðingarfyllst,

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur